

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats í grunnskólum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til skyldubundins samræmds námsmats á grunnskólastigi í íslensku og stærðfræði sem allir nemendur í 4., 6. og 9. bekk grunnskóla gangast undir, sbr. 39. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Eftir því sem við á tekur reglugerðin jafnframt til valkvæðs samræmds námsmats sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sér grunnskólum fyrir, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um grunnskóla.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

1. **Skyldubundið samræmt námsmat:** Stöðluð stöðu- og framvindupróf sem skylt er að leggja fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk grunnskóla.
2. **Valkvætt samræmt námsmat:** Safn valkvæðra matstækja, þ.m.t. stöðluð stöðu- og framvindupróf, sem grunnskólum er ekki skylt að leggja fyrir nemendur, skimunarpróf og önnur matstæki sem kennarar og skólar geta nýtt sér í kennslu og við mat á námi nemenda.
3. **Samræmt námsmat:** Skyldubundið samræmt námsmat og valkvætt samræmt námsmat.
4. **Fyrirlagnartímabil:** Það tímabil sem skólum er gert að hefja og ljúka skyldubundnu samræmdu námsmati.

3. gr.

Markmið.

Markmið samræmds námsmats er að:

1. Veita samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu og framfarir nemenda.
2. Meta árangur miðað við tiltekin hæfniviðmið aðalnámskrár.
3. Styðja við skipulag kennslu og snemmtækan stuðning.
4. Veita nemendum, foreldrum, skólum og menntayfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsframvindu nemenda.
5. Veita samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu grunnskóla, sveitarfélaga og skólakerfis í heild til stefnumótunar náms og kennslu.

4. gr.

Ábyrgð.

Ráðherra ber ábyrgð á að grunnskólum séu lögð til matstæki til valkvæðs og skyldubundins samræmds námsmats og hefur eftirlit með notkun þeirra.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur umsjón með gerð og framkvæmd valkvæðs og skyldubundins samræmds námsmats.

Grunnskólum er skylt að leggja samræmt skyldubundið námsmat fyrir nemendur skv. 1. gr. Grunnskólum er jafnframt heimilt að leggja fyrir valkvætt samræmt námsmat.

5. gr.

Framkvæmd á skyldubundnu samræmdu námsmati.

Skyldubundið námsmat skal fara fram með samræmdum hætti í grunnskólum. Það skal lagt fyrir með rafrænum hætti. Um framkvæmd skyldubundins samræmds námsmats fer að öðru leyti samkvæmt leiðbeiningum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sem birtar eru opinberlega.

Skyldubundið samræmt námsmat skal lagt fyrir innan ákveðins fyrirlagnartímabils sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu ákveður. Fyrirlagnartímabil skal ekki vera lengra en samfelldar fjórar vikur á starfstíma grunnskóla.

Þagnarskylda hvílir á þeim sem starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga og fá vitneskju um efni og innihald prófverkefna, sjá um og taka þátt í yfirsetu og prófvörslu, semja prófverkefni og meta úrlausnir samkvæmt þessari grein, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Eftirfylgni með niðurstöðum.

Niðurstöður úr valkvæðu og skyldubundnu samræmdu námsmati skulu nýttar við skipulag náms og kennslu nemenda. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal nýta niðurstöður til að styðja við skólastarf og kennarar og skólar til að stuðla að framförum í námi nemenda.

Grunnskólar og sveitarfélög skulu fylgja eftir niðurstöðum samræmds námsmats þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Gera skal skólanefndum sveitarfélaga árlega grein fyrir niðurstöðum og umbótum.

7. gr.

Rafrænt matskerfi.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal nota rafrænt kerfi sem heldur m.a. utan um upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar á valkvæðu og skyldubundnu samræmdu námsmati.

Öll vinnsla persónuupplýsinga í rafrænum matskerfum skal fara fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 13. gr.

8. gr.

Stuðningur við nemendur.

Nemendur eiga rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra. Ef aðstæður hamla því að nemandi geti sýnt færni sína við úrlausn verkefnis, svo sem vegna fötlunar, langvarandi veikinda, annars móðurmáls en íslensku eða annarra þarfa getur skólastjóri heimilað að nemandinn fái viðeigandi og fullnægjandi stuðning, sbr. 9. gr.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu birtir viðmið um stuðning við nemendur opinberlega.

9. gr.

Sérstakar þarfir, undanþágur og forföll.

Skólastjórum ber að skrá eftirfarandi vegna samræmds námsmats:

1. Nemendur sem stunda nám í sérskóla eða sérúrræðum skv. 42. gr. laga um grunnskóla.
2. Nemendur með einstaklingsnámskrá.
3. Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa fylgt hæfniviðmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli í tvö ár.
4. Nemendur með taugaþroskaraskanir.
5. Nemendur með líkamlega fötlun.

Almennt skulu nemendur með sérstakar þarfir þreyta skyldubundið samræmt námsmat, eftir atvikum með stuðningi sem gerir þeim kleift að sýna fram á hæfni sína, sbr. 8. gr. Undanþágur skulu ekki veittar nema viðeigandi aðlögun hafi verið fullreynd. Í þeim tilvikum þegar nemendur eru ekki færir um þátttöku í prófi metur skólastjóri hvort veita eigi undanþágu frá skyldubundu samræmdu námsmati. Skólastjóri skal skrá þessar upplýsingar ásamt upplýsingum um nemendur sem eru fjarverandi eða forfallast vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er heimilt að veita skólastjórum ráðgjöf um undanþágur skv. 2. mgr.

10. gr.

Niðurstöður.

Nemendur og foreldrar fá aðgang að niðurstöðum samræmds námsmats sem skulu sýna yfirlit yfir árangur nemandans í skilgreindum prófþáttum auk annarra upplýsinga sem varpa nánara ljósi á stöðu hans. Kennarar fá aðgang að niðurstöðum samræmds námsmats sinna nemenda. Skólastjórar fá aðgang að niðurstöðum samræmds námsmats fyrir nemendur viðkomandi grunnskóla. Sveitarfélög fá aðgang að niðurstöðum samræmds námsmats sinna skóla.

11. gr.

Samantekt og birting.

Eftir hverja fyrirlögn skyldubundins samræmds námsmats birtir ráðherra skýrslu með ópersónugreinanlegum upplýsingum um niðurstöðurnar. Í skýrslunni skulu koma fram niðurstöður einstakra skóla í samanburði við landsmeðaltöl eftir árgöngum og mælitölubili. Einnig skal koma fram þátttökuhlutfall nemenda og aðrar upplýsingar sem setja niðurstöður í samhengi og auðvelda túlkun.

Við gerð skýrslunnar skal gæta þess sérstaklega að nægilega margir nemendur standi að baki niðurstöðum svo tryggt sé að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar.

12. gr.

Upplýsingar hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skal varðveita upplýsingar og gögn sem unnin eru úr hverri framkvæmd skyldubundins samræmds námsmats og tryggja aðgengi að upplýsingunum til varðveislu og frekari greininga og vinnslu á grundvelli laga eða reglugerða.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er heimilt að veita öðrum en þeim sem fjallað er um í 10. gr. upplýsingar um niðurstöður samræmds námsmats vegna:

1. flutnings nemenda milli grunnskóla,
2. greininga ríkis og sveitarfélaga á upplýsingum um skólastarf,

3. fræðilegra rannsókna.

Ekki skal miðla persónuupplýsingum vegna greininga og rannsókna samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. nema að uppfylltum lagaskilyrðum og að undangengnu mati á nauðsyn.

13. gr.

Persónuvernd og varðveisla upplýsinga og gagna.

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðir settar með stoð í lögnum eiga við um alla vinnslu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt reglugerð þessari. Um varðveislu upplýsinga og gagna fer samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. mgr. 39. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, öðlast þegar gildi nema ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2027.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 25. febrúar 2026.

Inga Sæland.

Ásdís Halla Bragadóttir.

B deild - Útgáfudagur: 27. febrúar 2026